

Greinargerð með tillögu bæjarfulltrúa D-lista um opnun á Þróunar og Nýsköpunarmiðstöð í Mosfellsbæ.

Samvinnuverkefni Mosfellsbæjar Ríkis og fyrirtækja í atvinnulífinu.

Lagt er til að hafin verði vinna við undirbúning um að sett verði á stofn Þróunar og Nýsköpunarmiðstöð í Mosfellsbæ sem hefur það markmið að byggja upp og styðja við atvinnuuppbyggingu og nýsköpun í Mosfellsbæ til framtíðar. Þar verður áhersla lögð á þróun og hátækni í ólíkum og fjölbreyttum greinum m.a. , snjall tækni, heilbrigðis- og ferðaþjónustu, lýðheilsumál, áhersla á umhverfismál, atvinnu, menningar og fræðslumál svo eitthvað sé nefnt.

Einnig verður áhersla lögð á að starfrækt verði fjarvinnslurými samfara starfsemi þar sem fólk getur unnið í fjarvinnu með því að leigja rými á staðnum.

Fab Lab smiðja sem tillaga er um að stofna í Mosfellsbæ myndi einnig færa aðstöðu sína í Nýsköpunar og Þróunarmiðstöð þegar hún verður sett á laggirnar, ef það þykir henta.

Samstarfsaðilar og styrkir til rekstrar

Ríkið styrkir stofnun verkefnis sem þessa á myndarlegan hátt og fara þarf í samningaviðræður um fyrirkomulag samstarfsins með Ríkinu auk þess sem Mosfellsbær og fyrirtæki í atvinnulífinu myndu koma að verkefninu. Stærsta ákorunin er að finna hentugt húsnæði og þar eru nokkrir góðir kostir í Mosfellsbæ sem myndu vera skoðaðir í undirbúningsvinnu fyrir verkefnið.

Næstu skref til undirbúnings.

Lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur innan stjórnarsýslu Mosfellsbæjar með starfsmönnum og einum fulltrúa úr meirihluta og einum úr minnihluta sem hefði það verkefni að vinna þá undirbúningsvinnu sem þarf til þess að koma á stofn Nýsköpunar og Þróunarsetri í Mosfellsbæ.

Mosfellsbær 20. júní 2022.

Ásgeir Sveinsson fulltrúi í bæjarráði og bæjarfulltrúi D-lista

Jana Katrín Knútsdóttir fulltrúi í bæjarráði og bæjarfulltrúi D-lista

Rúnar Bragi Guðlaugsson Bæjarfulltrúi D-lista

Helga Jóhannesdóttir. Bæjarfulltrúi D - lista